

5. fundur hreppsnefndar Ásahrepps, haldinn á skirfstofu Ásahrepps miðvikudaginn 8. ágúst 2018 klukkan 8:30.

Mættir voru: Ásta B. Ólafsdóttir, oddviti hreppsnefndar, Ágústa Guðmundsdóttir, Brynja J. Jónasdóttir, Elín Grétarsdóttir, Guðmundur Gíslason og Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri.

Fundargerð var færð í tölvu og hana ritaði Valtýr Valtýsson.

Ásta B. Ólafsdóttir, oddviti hreppsnefndar, setti fund og bauð fundarmenn velkomna og kannaði hvort athugasemdir væru við boðun fundar. Ásta bauð Valtý velkominn til starfa hjá Ásahreppi. Gengið var til dagskrár fundar.

1. Fundargerðir til samþykktar:

- 1.1. 1. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu, dags. 16. júlí 2018.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti samhljóða fyrir sitt leyti fyrirleggjandi breytingar á reglum félagsmálanefndar sbr. fundargerð og fylgiskjöl.

2. Fundargerðir til kynningar:

- 2.1. 1. fundur Héraðsnefndar Rangæinga, dags. 16. júlí 2018.
- 2.2. 55. fundur stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs.
- 2.3. 1. fundur stjórnar Vatnsveitu Rangárfings ytra og Ásahrepps, dags. 17. júlí 2018.
- 2.4. 33. fundur Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.
- 2.5. 534. fundur stjórnar SASS.
- 2.6. Samráðsfundur vegna smölunar afrétta, dags. 2. ágúst 2018.

3. Ákvörðun um þóknun fyrir kjörna fulltrúa í nefndum, stjórnnum og ráðum Ásahrepps.

Lagt var fram minnisblað dagsett 3. ágúst 2018 um kjör og þóknunir.

Lögð var fram eftirfarandi tillaga um greiðslu launa kjörinna fulltrúa í nefndum, stjórnnum og ráðum Ásahrepps:

Fulltrúar í nefndum, stjórnnum og ráðum Ásahrepps, skv. samþykktum Ásahrepps, fái greitt kr. 22.024 fyrir hvern setinn fund. Formaður fái greitt kr. 33.036 fyrir hvern setinn fund. Varamaður fær greitt fyrir nefndarsetu ef hann tekur sæti aðalmanns á nefndarfundi. Akstur verður greiddur skv. akstursdagbók, skv. taxa RSK á hverjum tíma.

Greiðslufjárhæðir skulu uppreiknaðar skv. breytingu launavísitölu árlega þann 1. janúar. Í fyrsta skipti 1. janúar 2019 og þá skal miða við breytingu launavísitölu frá þeim tíma sem samþykkt þessi öðlaðist gildi.

Fulltrúar E-lista leggja fram breytingatillögu og hafna því að vísitölutryggja laun fulltrúa í nefndum, stjórnnum og ráðum Ásahrepps. Við teljum óeðlilegt eftir mikla hækkun á þingfararkaupi árið 2016 sem að Ásahreppur tók inn frá 01.04.2017 að tengja þau einnig við hækkun vísitölu launa. Tillaga E-lista er að áfram verði tekið mið af þingfararkaupi og nefndarlaun haldist óbreytt út kjörtímabilið.

Tillagan var borin upp og hún felld með þremur atkvæðum á móti (ÁBÓ, BJJ, GG) en tvö atkvæði samþykkt (EG, ÁG).

Þá var borin upp fyrri tillaga og hún samþykkt með þremur atkvæðum (ÁBÓ, BJJ, GG) en tvö atkvæði á móti (EG, ÁG).

Með tilvísun til bókunar hreppsnefndar á 2. fundi sínum, dagskrárliðir 10 og 12, samþykkti hreppsnefnd jafnframt samhljóða eftirfarandi:
Mánaðarlaun aðalmanna í hreppsnefnd verði kr. 88.096.
Laun varamanna verði kr. 44.048 fyrir hvern setinn fund.
Akstur verður greiddur skv. akstursdagbók, skv. texta RSK á hverjum tíma.
Greiðslufjárhæðir skulu uppreiknaðar skv. breytingu launavísitölu árlega þann 1. janúar. Í fyrsta skipti 1. janúar 2019 og þá skal miða við breytingu launavísitölu frá þeim tíma sem samþykkt þessi öðlaðist gildi. Sömu tímasetningar skulu eiga við um uppreiknuð laun fyrir kjörstjórnarvinnu, en grunnfjárhæðir skulu vera óbreyttar frá fyrri samþykkt hreppsnefndar á 2. fundi, dagskrárliður 12.

Fulltrúar E-lista leggja fram breytingatillögu og hafna því að vísitölutryggja laun fulltrúa í hreppsnefnd Ásahrepps. Við teljum óeðlilegt eftir mikla hækkun á þingfararkaupi árið 2016 sem að Ásahreppur tók inn frá 01.04.2017 að tengja þau einnig við hækkun vísitölu launa. Tillaga E-lista er að áfram verði tekið mið af þingfararkaupi og nefndarlaun haldist óbreytt út kjörtímabilið.
Tillagan var borin upp og hún felld með þremur atkvæðum á móti (ÁBÓ, BJJ, GG) en tvö atkvæði samþykkt (EG, ÁG).

Þá var borin upp fyrri tillaga og hún samþykkt með þremur atkvæðum (ÁBÓ, BJJ, GG) en tvö atkvæði á móti (EG, ÁG).

Fulltrúar E-lista leggja fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar E-lista líta ekki á setu á fundum hreppsnefndar sem launaða vinnu heldur sé greidd mánaðarleg þóknun. Því er ekki þörf á að tengja þóknun launavísitölu heldur er miklu frekar um samfélagsþjónustu að ræða.

4. Ákvörðun um laun og starfshlutfall oddvita Ásahrepps.

Lögð fram eftirfarandi tillaga um laun og starfshlutfall oddvita hreppsnefndar Ásahrepps:

Oddviti er ráðinn í 45% starf hjá Ásahreppi. Laun oddvita fyrir þetta starfshlutfall er byggt á grunnlaunum sveitarstjóra. Oddviti fær greiddan akstur skv. akstursdagbók, skv. texta RSK á hverjum tíma. Oddviti fær símakostnað greiddan.

Laun skulu uppreiknuð skv. breytingu launavísitölu árlega þann 1. janúar. Í fyrsta skipti 1. janúar 2019 og þá skal miða við breytingu launavísitölu frá þeim tíma sem samþykkt þessi öðlaðist gildi.

Oddviti fær greitt sérstaklega fyrir hreppsnefndarfundi skv. fyrri samþykkt hreppsnefndar Ásahrepps á 2. fundi, dagskrárlið 10.

E-listi leggur fram eftirfarandi bókun við lið 4 um ákvörðun um laun og starfshlutfall oddvita Ásahrepps:

Fulltrúar E-lista hafa bent á að starfshlutfall oddvita Ásahrepps hafi verið 25% á síðasta kjörtímabili og telja ekki þörf á að auka hlutfallið, heldur frekar minnka. Rökstuðningur fyrir því er eftirfarandi: Í byrjun síðasta kjörtímabils var í fyrsta sinn starf oddvita og sveitarstjóra breytt á þann veg að í stað einnar persónu var verkum skipt á tvo aðila. Óljóst var hvert starfshlutfallið var. Ákveðið var að setja stöðu sveitarstjóra í 70 % og stöðu oddvita í 25% vegna verkefna sem lágu fyrir til að mynda lagning ljósleiðara og

endurskoðun á öllum samstarfssamningum til að uppfylla skilyrði sveitarstjórnalaga nr. 138/2011, sem reyndust umfangsmikil. Einnig frágangur á samningi við Orkuveitu Reykjavíkur sem hafði verið ófrágenginn síðan 2008, sem var öllum íbúum til mikilla hagsbóta. Ýmsum verkefnum sem sveitarstjóri og / eða oddviti þurftu að sinna hefur verið komið í fastar skorður. Verkefni sem farið hafa út af skrifstofu Ásahrepps eru t.d. leiga skála, heimilishjálp (reikningur og laun) og húsaleigubætur. Handtökum á skrifstofu hefur þess vegna fækkað og því alls ekki þörf á að hækka starfshlutfall oddvita þó dregið hafi verið úr starfi sveitarstjóra úr 70% í 50% þó laun sveitarstjóra séu 60% af þingfararkaupi. Jafnframt var starfshlutfall starfsmanns á skrifstofu aukið um 10% , úr 23 % í 33 % til að lækka launakostnað vegna yfirvinnu.

Laun oddvita, sveitarstjóra og nefndarmanna hækkuðu um 45 % frá 01.04.2017 í Ásahreppi. Þessi staðfesting meirihluta L-lista á hækkingu starfshlutfalls oddvita, felur í sér 125% hækkingu launa. Á einu kjörtímabili mun oddviti því fá laun upp á 28 milljónir ásamt 30% í launatengd gjöld auk vísitöluhækkana á tímabilinu. Jafnframt bendir E-listi á að eftir endurskoðun á samningum þá fái allir, oddviti eða aðrir kjörnir fulltrúar, greitt fyrir fundarsetu í öllum byggðarsamlögum auk aksturspeninga.

Ekki er hægt að miða við síðasta kjörtímabil þegar talað er um laun oddvita, þ.e.a.s. að oddviti fái greidd föst mánaðarlaun ásamt því að fá greitt fyrir hreppsnefndarfundi.

Ástæðan fyrir því er sú að þegar ákvörðun var tekin árið 2014 var þingfararkaup kr. 763 þús en er í dag kr. 1101 þús

Á 2. fundi hreppsnefndar Ásahrepps, 26. júní sl. undir lið 10 var rætt um starfshlutfall oddvita. Ákveðið var að: *laun oddvita og starfshlutfall verður ákveðið þegar ráðning sveitarstjóra liggur fyrir. Bókun E-lista. Tillaga að oddviti lækki úr 25% starfshlutfalli í 15% vegna þess að byggðasamlögin greiða oddvita í nefndum á þeirra vegum.*

E-listi leggur fram breytingartillögu, að starf oddvita verði 17% af þingfararkaupi auk hreppsnefndarlauna samtals ríflega þreföld laun hreppsnefndarfulltrúa. Einnig tillaga um kr. 4.000 í símakostnað sem er sami kostnaður og sveitarstjóri fær greitt.

Tillagan var borin upp og hún felld með þremur atkvæðum á móti (ÁBÓ, BJJ, GG) en tvö atkvæði samþykkt (EG, ÁG).

Fulltrúar L-lista leggja fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar L-lista benda á að starfshlutfall oddvita og sveitarstjóra á síðasta kjörtímabili hafi verið 95% og telja engar forsendur fyrir því að minnka það hlutfall. Rökin fyrir tengingu launa oddvita við grunnlaun sveitarstjóra er að eðlilegt sé að um jafnlaunastefnu sé að ræða.

Þá er lögð fram til afgreiðslu upphafleg tillaga þessa dagskrárliðar. Hún var samþykkt með þremur atkvæðum (ÁBÓ, BJJ, GG) en tvö atkvæði á móti (EG, ÁG).

Fulltrúar E-lista leggja fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar E-lista benda á að með því að binda laun oddvita við laun sveitarstjóra en ekki þingfararkaup hækka laun oddvita um 125% í stað 80% á meðan laun sveitarstjóra eru 10% lægri en forvera hans. Samtals er þetta mikil hækking fyrir sveitarsjóð.

5. Drög að frumvarpi til laga um Þjóðgarðastofnun og tillaga að fyrirhuguðum breytingum á lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Lögð voru fram drög að frumvarpi til laga um Þjóðgarðastofnun og tillaga að fyrirhuguðum breytingum á lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd, sem komin eru til

umsagnar í samráðsgátt Stjórnarráðsins. Frestur til að skila inn umsögnum er til 5. september n.k.

Umræða varð um fyrirbyggjandi drög að frumvarpi til laga um Þjóðgarðastofnun. Hreppsnefnd samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að vinna umsögn um drögin í takt við umræðuna sem átti sér stað á fundinum og senda hana með tölvupósti til hreppsnefndarmanna til skoðunar og samþykktar fyrir lok ágústmánaðar.

6. Innsend bréf og erindi:

- 6.1. Tölvuskeyti Jóns Sæmundssonar, dags. 25. júlí 2018; klæðning á heimreiðar. Einnig lagt fram tölvuskeyti Vegagerðarinnar um stöðu þessara verkefna á árinu 2018. Lagt fram tölvuskeyti Jóns Sæmundssonar þar sem óskað er eftir upplýsingum um framkvæmdir þessa árs, varðandi vegklæðningara á heimreiðar. Jafnframt er lagt fram tölvuskeyti frá Vegagerðinni varðandi klæðningar á héraðsvegi í Ásahreppi. Hreppsnefnd samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að kanna hvort Vegagerðin geti hafið framkvæmdir við lagningu slitlags á heimreiðar eins og gert var ráð fyrir skv. fjárhagsáætlun 2018.
- 6.2. Erindi Huldu Eggertsdóttur, dags. 23. júlí 2018; greinargerð um öryggisúrbætur á gatnamótum Landvegar (26) og Ásvegar (275), Landvegamót. Lögð fram greinargerð Huldu Eggertsdóttur um öryggisúrbætur á gatnamótum Landvegar og Ásvegar, þ.e. Landvegamót. Þar kemur fram að óskað er eftir úrbótum vegna öryggismála á þessum gatnamótum með því að leggja hringtorg þar. Hreppsnefnd Ásahrepps tekur undir með höfundu greinargerðar, að þessi gatnamót eru hættuleg og ekki alls kostar vel útfærð. Þar hefði mátt gera mun betur til að tryggja öryggi vegfarenda. Hreppsnefnd samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að ræða stöðu Landvegamóta við fulltrúa Vegagerðarinnar.

7. Bréf og erindi til kynningar:

- 7.1. Tölvuskeyti Umhverfisstofnunar, dags. 17. júlí 2018; auglýsingar meðfram vegum.
- 7.2. Tölvuskeyti og erindi Matvælastofnunar, dags. 24. júlí 2018; lausaganga búfjár.
- 7.3. Tölvuskeyti Landsvirkjunar, dags. 25. júlí 2018; girðingar á Þóristungum.
- 7.4. Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 20. júlí 2018; Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- 7.5. Drög að reglum um úthlutun styrkja og framlaga á grundvelli byggðaáætlunar.
- 7.6. Bréf Umhverfisstofnunar, dags. 27. júlí 2018; átak í friðlýsingum.

Fundargerð yfirlésinn og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:05.

Ásta B. Ólafsdóttir

Elín Grétarsdóttir

Guðmundur Gíslason

Ágústa Guðmarsdóttir

Brynja J. Jónasdóttir

Valtýr Valtýsson